

AKRÝL 7

Lakkmálning



- Gerð:** Einstaklega slitsterk vatnsþynnt mött akrýlmálning. Málningin inniheldur mygluvarnarefni sem ver málningarfilmuna.
- Notkunarvið:** Einkum ætluð til málunar á loftum og veggjum innanhúss. Hentar sérstaklega vel þar sem mikið raka- og þvottaálag er til staðar t.d. á göngum, í eldhúsi, þvottahúsi og í léttum iðnaði.
- Eiginleikar:** Létt í notkun, hefur frábæra þekju- og viðloðunareiginleika, hefur einstaklega góða þvottheldni og gefur mjög fallega áferð. Lit- og gljáheldni lakksins er einstaklega góð og það gulnar ekki. Efnið er sérþróað til notkunar með pensli eða rúllu og hefur því gott flot.
- Varan er samþykkt vara í SCDP í samræmi við gildandi byggingarviðmið (nýbyggingar og endurbætur).

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	HVÍTUR, STOFN A og STOFN C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Matt (7)
Efnisnotkun:	8-10 m ² /l
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Áhöld:	Pensill, rúlla eða háþrýstisprauta.
Purrktími og yfirmálun:	Snertipurrt eftir um 1 klst. Yfirmálun eftir um 4-8 klst. allt eftir aðstæðum.
Eðlismassi:	1,2-1,4 g/ml
Purrefni (rúmmál):	Um 40 %
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l. Varan inniheldur að hámarki 30 g/l

VERKLÝSING

- Notkunar aðstæður:** Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð.
- Undirbúningur:** Undirlag skal vera hreint, þurrt og fast fyrir málung. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olfu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málung.
- Nýmálung:** Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og striga má t.a.m. grunna með Gifs- og spartlsgrunni. Aðra fleti skal grunna með viðeigandi grunni.
- Endurmálung:** Þrifið með málningarhreinsi og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálungu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist.
- Málung:** Fyrir notkun skal hræra upp í málungunni. Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum.
- Þynnir:** Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnna málungu.
- Hreinsun áhalda:** Með volgu vatni strax eftir notkun. Skafið málungu af áhöldum fyrir hreinsun. Notið penslasápu ef málung hefur harðnað í verkfærum.
- Athugið:** Eftir opnun skerðist geymsluþol. Full þvottheldni næst eftir 4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn. Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.